Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 64

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að bær minn Sölvhóll er orðinn svo hrörlegur að hann ekki lengur er hæfur til íbúðar, hefi jeg í hyggju að rífa hann og breyta honum í timburhús, hjerumbið 10 álnir á hvern veg, einloptað og portbyggt, þá leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd að koma saman á fund til mín við fyrsta tækifæri, og mæla mjer út og ákveða stæðið undir húsið, og gefa mjer álit sitt um hvort frá hennar hálfu sje nokkuð því til fyrirstöðu að jeg fái þessari húsbyggingu minni framgengt.

Sölvhól í Reykjavík, 23. janúar 1911.

Virðingarfyllst.

Jón Jónsson.

Ref. 28/1 '11
Bg. 3

Til
byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvk. 100/1911 Bg 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður, trésmiður Samúel Jónsson Skólavörðustíg 35, leyfi mér hérmeð að óska eptir, að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur veiti mér leyfi sitt og samþykki til þess, að byggja íbúðarhús, að stærð 10 x 11 álnir, einlypt með kjallara og risi, samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. – Hús þetta á að standa á lóð minni, á sama stað sem nú stendur verkstæðisskúr minn (er ég ætla mér því að rífa niður), bak við húsinn nr 6. og 8 við Kárastíg. – Gangstígur að því húsi getur orðið bæði frá Kárastíg – eptir lóð minni nr. 8 að þann stíg – og eins frá Njálsgötu.

Hugsað hefi ég mér að húsinu fylgdi c. 1200 □ álnir.

Að öðru leiti skýrskota ég til meðfylgjandi uppdrátta.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 27. Janúar 1911

Samúel Jónsson

B. Rvk. 99/1911 B.J. 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur